

Skólaráð Naustaskóla

8. fundur ársins 2012 þann 6. júní 2012

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Sara Stefánsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Harpa Mjöll Hermannsdóttir, Þóra Ýr Sveinsdóttir, Brynja Dögg Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Ráðningar starfsmanna.** Kynnt staða starfsmannamála en nú hefur verið gengið frá ráðningum fjögurra skólaliða og tveggja stuðningsfulltrúa. Það verða því alls 17 nýráðnir starfsmenn við skólann næsta haust.
2. **Húsnæðismál.** Rætt um niðurröðun námshópa í húsið næsta vetur. Sérstaklega rætt um þá skipan mála að 1. bekkur og leikskóladeildirnar deili rými á neðri hæðinni en ljóst er að nokkur hópur foreldra hefur áhyggjur af þessu. Sent hefur verið út upplýsingabréf til foreldra vegna þess. Skólastjórnendur hafa fulla trú á að fyrirkomulagið geti gengið upp en ef niðurstaðan verður önnur er hugsanlegt að grípa til varaáætlana.
3. **Erindi vegna Unicef-verkefnis.** Skólastjóra barst erindi frá foreldri þar sem Unicef söfnun skólans var mótmælt vegna þess að hún gæti sett pressu á foreldra um fjárútlát sem væri erfitt þar sem þröngt væri í búi hjá mörgum. Erindið var sent skólaráðsfulltrúum í fundarboði (nafnlaust) og tekið fyrir á fundinum. Fulltrúar í skólaráði eru sammála um að ekki sé ástæða til að hætta með Unicef-hreyfidaginn. Rökin eru þau að í þessum atburði er fólgið fræðslugildi, börnin fræðast um aðstæður annarra barna og fá tækifæri til að láta gott af sér leiða auk þess sem atburðurinn er til þess fallinn að auka tilbreytingu í skólastarfinu og hvetja börnin til hreyfingar. Skólastjóri var hins vegar hvattur til að leggja ríka áherslu á það í allri kynningu að ekki er neinum skylt að taka þátt í söfnuninni, að brýnt verði fyrir kennurum að þegar tekið er á móti framlögum verði ekki um meting milli barna að ræða og að rækilega sé kynnt að foreldrar geta lagt beint inn á reikning Unicef og skilað tómunum umslögum. Þá gæti jafnvel verið hægt að gefa fólki kost á að skila inn dósnum/flöskum.
4. **Stundaskrá 2012-2013.** Farið yfir stundaskrárramma næsta skólaárs. Tekið hefur verið tillit til athugasemda skólaráðs varðandi stundaskrárgerðina, m.a. hafa frímínútur verið færðar síðar á morguninn, frímínútum og matartíma er aldursskipt, skóladeginum "þjappað" nokkuð, leikræn tjáning er komin inn á stundaskrá á miðstigi skólans o.fl. Útífróttir í því formi sem verið hefur undanfarið falla út, í staðinn þarf að festa útíkennslu í áætlunum og stundatöflum nemendahópa og leitast þannig við að tryggja samþættingu bóklegra greina við útivist og íþróttir.

5. **Fyrirkomulag fjáröflunar nemenda.** Rætt um hvernig skipta skuli fjáröflunartækifærum milli árganga skólans. Gengið verður út frá eftirfarandi niðurstöðu til að byrja með:

Kaffisala á viðtalsdögum	10. bekkur
Hrekkjavökuball (eldri og yngri nemendur)	7. bekkur
Ball á vorönn (eldri og yngri nemendur)	7. bekkur
Dansleikir fyrir 8.-10. bekk	10. bekkur
Bingó o.fl.	10. bekkur
Árshátíð – kaffisala	7. bekkur
Árshátíð – ball	10. bekkur
Vorhátíð – tombóla	6. bekkur
Vorhátíð – kaffihús	9. bekkur
Vorhátíð – ball	9. bekkur

6. **Trygginga- og ábyrgðarmál.** Algengt er að nemendur mæti með mjög dýr tæki í skólann s.s. farsíma, spilara af ýmsu tagi, spjaldtölvur o.fl. Ljóst er að skólinn er ekki tryggður á neinn hátt fyrir hugsanlegu tjóni á þessum munum, getur því ekki tekið ábyrgð á þeim og þarf að auglýsa vel þá áhættu sem foreldrar taka með því að senda börnin með svo dýra hluti í skólann. Þetta hefur verið gert í fréttabréfum en ábending kom fram um að skólastjóri feli kennurum einnig að kynna þetta í vikupóstum jafnvel nokkrum sinnum yfir skólaárið.

7. Önnur mál.

- a. **Námsmat.** Í framhaldi af afhendingu vitnisburða hafa skapast umræður um fyrirkomulag námsmats við skólann. Alltaf er hætta á ákveðnu misræmi milli einstaklinga þegar mat á sér stað og nauðsynlegt er að töluverðar umræður og rýnivinna eigi sér stað innan skólans til að samræma hugtakaskilning og viðmið til mats, ekki síst í ljósi ákvæða nýrrar aðalnámskrár um mat á lykilhæfnipáttum. Ennfremur kom fram ábending um að vitnisburði að vori fylgdi "formleg" samantekt á ástundun/mætingu nemenda yfir veturinn. Næsta haust er á dagskrá töluverð fræðsla til kennara um námsmat og aðalnámskrá, bæði á vegum skólans en einnig frá skóladeild til allra kennara bæjarins.

Að lokum skiptust skólaráðsfulltrúar á þökkum fyrir samstarfið á skólaárinu, sérstaklega var Söru Stefánsdóttur þakkað samstarfið en hún lætur nú af störfum skólaráðsfulltrúa, a.m.k. tímabundið.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð